



Fimleikabing 21. maí 2023

Pingskjal nr. _____

Tillaga frá stjórn FSÍ um breytingu á 8. gr. laga Fimleikasambands Íslands.

8. gr.

Réttur til setu á fimleikabingi.

Fimleikabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á þingi.

Fjöldi fulltrúa hvers íþróttabandalags eða héraðssambanda á fimleikabingi ákvarðast af tölu skráðra iðkenda aðildarfélaga/deilda miðað við fjölda iðkendaleyfa í Leyfiskerfi FSÍ þann 31. desember árið á undan, þannig að;

- fyrir fyrstu 50 iðkendum koma 2 fulltrúar
- 1 fulltrúa fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 iðkendum
- 1 fulltrúa að auki fyrir hverja 100 iðkendum þar fram yfir

Héraðssambandi eða íþróttabandalagi er heimilt að senda fulltrúa aðildarfélags/deildar sem fulltrúa á fimleikabing þótt félagið/deildin sé í skuld við FSÍ miðað við 1. september fyrir fimleikabing, en þó án atkvæðisréttar á fimleikabinginu og ber kjörbréfanefnd að ganga úr skugga um að ákvæðinu sé framfylgt.

...

Verði

8. gr.

Réttur til setu á fimleikabingi.

Fimleikabing sitja fulltrúar frá aðildarfélögum FSÍ með málfrelsi, tillögu- og atkvæðisrétt og fer hver fulltrúi með eitt atkvæði. Kjörnir fulltrúar í stjórn FSÍ og varamenn þeirra geta ekki farið með atkvæðisrétt á þingi.

Fjöldi fulltrúa hvers **íþróttahéraðs** á fimleikabingi ákvarðast af tölu skráðra iðkenda aðildarfélaga/deilda miðað við fjölda iðkendaleyfa í Leyfiskerfi FSÍ þann 31. desember árið á undan, þannig að;

- **fyrir fyrstu 100 iðkendum eru tveir fulltrúar**
- **fyrir næstu 400 iðkendum eru tveir fulltrúar (101 – 500)**
- **fyrir næstu 400 iðkendum eru þrjú fulltrúar (501 – 900)**
- **fyrir 901 iðkendum eða fleiri eru fjórir fulltrúar (901 -)**
- **fyrir að hafa þátttakendur í fimleikum fyrir alla fæst einn fulltrúi**
- **fyrir að hafa þátttakendur í fimleikum fyrir fatlaða fæst einn fulltrúi**

Íþróttahéruðum er heimilt að senda fulltrúa aðildarfélags/deildar sem fulltrúa á fimleikabing þótt félagið/deildin sé í skuld við FSÍ miðað við 1. september fyrir fimleikabing, en þó án atkvæðisréttar á fimleikabinginu og ber kjörbréfanefnd að ganga úr skugga um að ákvæðinu sé framfylgt.



... óbreytt

Greinargerð:

Samheiti fyrir héraðssamband og íþróttabandalag er íþróttahérað sem er núna notað af regnhlífarsamtökum íþróttahreyfingarinnar. Samheitið er hér sett inn til að FSÍ noti sama orð og önnur sérsambönd og ÍSí.

Fjöldi þingfulltrúa á Fimleikaþingi hefur vaxið mikið undanfarin ár og hefur sýnt sig á undanförunum árum að félögin eru ekki að ná að manna þennan fjölda fulltrúa með góðu móti. Einnig er mikilvægt að jafna fjölda fulltrúa á þingið eins og hin sérsamböndin. Reiknireglan sem lögð er til í þessari breytingu, fækkar fulltrúum sem og að hún er til þess fallin að ýta undir þátttöku félaganna í verkefnum tengdum fimleikum fyrir alla.

Sent til:

Laganefndar Allsherjarnefndar Fjárhagsnefndar _____nefndar